



Starfsskýrsla KFR 2013

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 21. febrúar og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum.

Í stjórn félagsins sitja nú:

Formaður:	Auður Erla Logadóttir
Gjaldkeri:	Erla Guðfinna Jónsdóttir
Ritari:	Rósa Hlín Óskarsdóttir
Meðstjórnandi:	Hermann Bjarki Rúnarsson
Meðstjórnandi:	Friðrik Sölvi Þórarinsson
Varastjórn:	Tinna Erlingsdóttir
Varastjórn:	Ásgeir Jónsson

Heimasíða: kfrang.is

Facebook: Knattspyrnufélag Rangæinga.

Þjálfarar hjá félaginu 2013 voru þeir; Lárus Viðar Stefánsson, Ólafur Örn Oddsson, Yngvi Karl Jónsson, Þórður Vilberg Guðmundsson og Guðmundur Garðar Sigfússon.

Samstarf okkar við ÍBV hefur gengið vel og hafa allir okkar iðkendur fengið tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Keppt var í öllum yngri flokkunum 7.-3.flokki. undir merkjum ÍBV. Keppt var á Íslandsmóti, Faxaflóamóti, Hnátumóti, Shellmóti í Vestmannaeyjum, Þæjumóti TM í Vestmannaeyjum, Símamóti Breiðabliks í Kópavogi, N1 móti á Akureyri, Norðurálmóti á Akranesi, Olismóti á Selfossi, Rey-Cup í Reykjavík, Vís móti í Reykjavík og á fleiri minni mótum.

Í maímánuði fóru fram framkvæmdarstjórnaskipti hjá félaginu. Benedikt Benediktsson lét af störfum og tók Ólafur Örn Oddsson við keflinu og sér hann um daglega starfsemi í góðu samstarfi við stjórn félagsins.

Uppskeruhátíð yngri flokkanna fór fram í íþróttahúsinu á Hellu, 24. september og þar var rifjað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislu og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum iðkendum í 7. og 6 flokki viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu framfarir og ástundun í eldri flokkum og valdir bestu leikmennirnir í 3. flokki kk. og kvk. Á hátíðina mættu rúmlega 200 manns.

Mig langar í lokin að þakka okkar helstu stuðningsaðilum; Rangárþingi Eystra, Sláturfélagi Suðurlands, Rangárþingi Ytra, Landsbankanum og Búaðföngum. Öllum þeim sem komu að sjálfbóðaliðastarfi félagsins færi ég hinar bestu þakkir.

f.h. stjórnar KFR Auður Erla Logadóttir formaður.